

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

224. fundur

Föstudaginn 28. ágúst 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:10.

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Einar Birkir Einarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir og Sigrún Edda Jónsdóttir.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri, Guðmundur Siemsen hdl þegar fjallað var um lið 3 á dagskránni og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Forsendur áætlunar 2016
2. Leiðakerfisbreytingar 2016
3. Niðurstaða kærunefndar útboðsmála
4. Erindi til Strætó

Tekið fyrir:

1. Forsendur áætlunar 2016

Framkvæmdastjóri lagði fram forsendur fjárhagsáætlunar fyrir 2016 í samræmi við ákvæði 5.2.5 í eigendasamkomulagi Strætó.

Forsendur byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 29. apríl sl., en þó er stuðst við aðrar forsendur um þróun verðlags, gengisvísitölu og launavísitölu í ljósi nýlegrar þróunar kjaraviðræðna aðila á vinnumarkaði til samræmis við forsendublað Reykjavíkurborgar fyrir fjárhagsáætlun 2016-2020.

Gert er ráð fyrir að við framreikninga á framlagi eigenda verði stuðst við framangreindar verðlagsforsendur í takt við vægi svokallaðrar Strætó vísitölu.

Gert er ráð fyrir sama framlagi frá ríkinu skv. samningi við ríkið um almenningssamgöngur.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingaráætlun Strætó skv. fyrirbyggjandi áætlun um endurnýjun strætisvagna gangi eftir á næstu fimm árum og að verkefnið verði fjármagnað a.m.k. til helminga með veltufé frá rekstri og af handbæru fé.

Stjórn samþykkir framlagðar forsendur og að þær verði lagðar fram á eigendafundi Strætó 31. ágúst nk.

2. Leiðakerfisbreytingar 2016

Framkvæmdastjóri fór yfir ferlið við leiðakerfisbreytingar og mikilvægi þess að allar óskir um breytingar á leiðakerfi komi inn tímalega.

Framkvæmdastjóra var falið að yfirfara ferlið til samræmis við ferlið innan sveitarfélaganna og skýra tímafresti gagnvart sveitarfélögunum, einnig var rætt um hvernig hægt sé að draga úr þjónustuskerðingu Strætó á sumrin.

3. Niðurstaða kærunefndar útboðsmála

Guðmundur Siemsen hdl. fór yfir úrskurð kærunefndar útboðsmála í máli akstursaðila Akstursþjónustu fyrir fatlaða gegn Strætó bs.

4. Annað – innsend erindi

- Erindi vegna almenningssamganga á Álftanesi, dagsett 18. ágúst 2015, stjórn vísar málinu til umfjöllunar í bæjarráði Garðabæ.
- Erindi frá borgarstjórn varðandi stjórnarskipti 2008-2015, lagt fram.

- Erindi frá borgarstjórn varðandi siðareglur 18082015, stjórn felur framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni í samræmi við umræður.

Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 13:10.

Fylgiskjöl:

- Forsendur áætlunar 2016-2020
- Leiðakerfisbreyting 2016 25082015
- Erindi vegna almenningsamganga á Álftanesi, dagsett 18. ágúst 2015
- Erindi frá borgarstjórn varðandi stjórnarskipti 20082015
- Erindi frá borgarstjórn varðandi siðareglur 18082015

Bryndís Haraldsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

Einar Birkir Einarsson